

## Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Í skólanum er lögð áhersla á að efla lýðræðisleg vinnubrögð, fagmennsku og skýr viðmið og kennsluhætti sem efla jákvætt viðhorf til fjölmenningar. Einnig er sífellt unnið að bættri líðan nemenda.

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku nemenda í ákvarðanatöku og skipulagi á viðburðum í skólastarfinu og verður haldið áfram á þeirra braut. Reglulega eru haldin nemendaping í skólanum þar sem málefni er varða nemendur eru tekin til umfjöllunar. Nemendur ræða tilteknar spurningar og finna leiðir til úrbóta. Niðurstöður eru metnar í könnunum Skólapúls um þátttöku og virkni nemenda í skólanum. Ef viðfangsefni þinganna eru sértæk eru þau metin sérstaklega.

Skólaár	Viðfangsefni	Mat	Úrvinnsla
2013-2015	Hvað geta aðilar skólastarfsins lagt af mörkum til úrbóta	Nemendakannanir, forgangsröðun í bekkjum	Samantekt nemendaráðs, matsblað um árangur fyrir nemendur
2015-2016	Jafnrétti	Nemendakönnun	Samantekt skólastjórnenda
2017-2018	Samfélagsmiðlar	Nemenda og kennarakönnun	Samantekt nemendaráðs

### Fagmennska og skýr viðmið

Í skólanum er einnig lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð meðal starfsmanna. Allar stefnur og áætlanir sem unnið er eftir eru unnar í samstarfi þeirra sem eiga að fylgja þeim eftir. Verið er að búa til viðmið til að styðja mat á ýmsum þáttum skólastarfsins.

Skólaár	Viðfangsefni	Mat	Úrvinnsla
2014-2015	heimanámsstefna	Kannanir meðal kennara og foreldra	Endurskoðun að teknu tilliti til athugasemda.
2014-2015	Grunnþættir menntunar		Matsblað fyrir starfsmenn
	Námsmat og lykilhæfni	Viðmið aðalnámskrár	Endurskoðun 2016-17

2016-2017	Viðmið um góð samskipti kennara og nemenda	Könnun Skólapúls	Endurmat að hausti 2017
2016-2017	Viðmið um gæði kennslu, t.d. upphaf kennslustunda, undirbúning kennara, þátttöku nemenda og lok kennslustundar.	Kennara- og nemendakönnun	Endurmat kennara að vori 2017

## Viðhorf til fjölmenningar

Viðamesta verkefni skólaársins 2016-2017 snýst um að auka fagþekkingu og hæfni allra starfsmanna til að vinna með fjölmenningarlegan bakgrunn nemenda þannig að hann verði til að auka víðsýni og skilning allra nemenda.

Hvenær	Hvað	Hverjir	Afrakstur
Júní 2016	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	Starfsmannakönnun og aðgerðaáætlun
	Starfsmannakönnun	Allir starfsmenn	Viðhorf starfsmanna
	Úrvinnsla starfsmannakönnunar		Niðurstöður starfsmannakönnunar
	Valið efni fyrir sumarlestur verkefnis	Rýnihópur	Frekar innsýn og yfirsýn yfir gott lesefni í málaflokknum
ágúst	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	Farið yfir verkefni vetrarins og sumarlesturinn
	Starfsmannafundur	Allir starfsmenn	Farið yfir verkefni vetrarins
sept	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	Foreldrasamstarf undirbúið
	Fundur m. foreldrum		Kynning á verkefni-hugmyndir
okt	Fræðsla - námskeið	Kennarar	
	Fræðsla - námskeið	Allir starfsmenn	
	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	Rætt um námskeiðið og eftirfylgni-hvernig nýtum við það í skólastarfinu?
	Kennarafundur	Kennarar	Næstu skref?
	Fundur m. foreldrum	Foreldratenglar	Upplýsingaflæði-félagslegar tengingar/virk þátttaka
nóv	Fræðsla - Leshringur	Kennarar	
	Fundur m. foreldrum	Foreldratenglar	Ásýnd skólans
des	Kennarafundur	Kennarar	Hvernig gengur - hvað er fólk búið að gera
Jan 2017	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	Staðan á öllu, kennarar, nemendur, foreldrar
	Vinna m. nemendum		
	Fundur m. foreldrum	Foreldratenglar	Námið-námsmat
	Fræðsla - leshringur	Kennarar	

feb	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	
	Fræðsla - Leshringur	Kennarar	
	Vinna m. nemendum		
mars	Starfsmannafundur	Allir starfsmenn	Hvernig gengur - hvað er fólk búíð að gera
	Fundur m. foreldrum	Námsmat	Vinahópar-áherslur
apríl	Fundur rýnihóps	Námsmat	
maí	Fundur rýnihóps	Rýnihópur	
	Fundur m. foreldrum	Rýnihópur	Verkefnalok - uppgjör
júní	Starfsmannafundur	Foreldratenglar	Lok verkefni - hvernig ætlum við að hafa framhaldið
	Starfsmannakönnun	Allir starfsmenn	Samanburður á viðhorfum starfsmannakönnunar
	Lokaskýrsla	Allir starfsmenn	

## Bætt líðan nemenda

### Yngsta stig

#### *Frímínútur*

Ekki hefur náðst ásættanlegur árangur í vinnu með líðan nemenda á yngsta stigi í frímínútum og eru það sérstaklega stelpur sem segja að þeim líði ekki nógu vel. Á síðasta ári var nemendum þriðja bekkjar boðið að taka þátt í Vinaliðaverkefninu sem annars er ætlað 4.-7. bekk. Gæsla í frímínútum var einnig aukin. Haldið verður áfram með sama skipulag en einnig verða haldnir hópfundir með stelpum í 2.-4.bekk þar sem námsráðgjafi og aðstoðarskólástjóri munu grafast nánar fyrir um ástæður þess að stelpurnar segja að þeim líði ekki nógu vel. Í framhaldinu verða gerðar ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra betur ef mögulegt er. Ábyrgð: skólastjórnendur og námsráðgjafi

#### *Matsalur*

Of margir nemendur á yngsta stigi segja að þeim líði ekki nógu vel í matsalnum. Þar er oft mikill hávaði. Við skólabyrjun í haust verður farið í sérstaka vinnu með nemendum til að minnka hávaða í matsalnum. Starfsfólki með yngsta og miðstigi verður fjölgað og áhersla lögð á að það kenni nemendum góða borðsiði. Ábyrgð: Skólastjórnendur

### Miðstig

Upplifun af einelti er eina spurningin sem vÍkur frá viðmiði, engin af þeim spurningum sem notaðar eru til að kanna almenna líðan gefur sambærilegar vÍsbendingar. Á yfirstandandi skólaári tók námsráðgjafi viðtöl við alla nemendur á miðstigi um samskipti. Niðurstaða þeirra viðtala gaf ákveðnar vÍsbendingar um að fjórir drengir á miðstigi áreittu önnur börn meira en ásættanlega getur talist. Farið hefur verið í mikla vinnu með viðkomandi drengjum og foreldrum þeirra en erfitt getur verið að vinna af sér slíkt orðspor.

Haldið verður áfram með vinaliðaverkefnið og nýta aðferðir Uppbyggingar til að vinna með markvissum hætti með jákvæð samskipti í öllum bekkjum.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, umsjónarkennarar og umsjónarmaður vinaliðaverkefnis.

## Unglingastig

### *Samband nemenda og kennara*

Á unglingastigi teljum við mikilvægt að vinna að betri upplifun nemenda af sambandi þeirra við kennara. Eitt af matsverkefnum næsta vetrar er að búa til viðmið fyrir gæði kennslustunda. Við það verkefni verður bætt að búa til viðmið um góð samskipti nemenda og kennara. Þau viðmið verða unnin af kennurum á haustönn og óskað verður eftir athugasemdum frá nemendaráði skólans.

Viðmiðin verða notuð í nemendakönnun vorið 2017.

Ábyrgð: skólastjórnendur

### *Þrautsegja*

Þrautsegja er annar þáttur sem kemur veikar út hjá nemendum GÍ en öðrum.

Námsráðgjafi verður fenginn til að halda námstækninámskeið fyrir nemendur 7.-9. bekkjar á haustönn. Þar verður lögð áhersla á að gera nemendur færari um að búa verkefni niður í viðráðanlegar einingar.

Ábyrgð: skólastjórnendur og námsráðgjafi

## Foreldrasamstarf

### *Heimanám og lestur*

Ennþá verður megin áhersla á að nemendur lesi alltaf heima. Áfram verður haldið með foreldraviðtal á skólasetningardegi þar sem farið verður yfir mikilvægi daglegs lesturs og línur lagðar um einstaklingsmiðað heimanám fyrir nemendur.

Í nýrri kynslóð mentors sem tekin verður í notkun í skólanum í haust er einfaldara að setja inn heimavinnuáætlun og verða allir kennarar eindregið hvattir til að nýta sér það til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna. Í september verður haldin kynning fyrir foreldra á mentor.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.

### *Aukið foreldrasamsstarf*

Teymi kennara er að störfum við að útbúa aðgerðaáætlun um aukið foreldrasamstarf. Áætluninni verður hrint í framkvæmd á skólaárinu 2016-17.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Starfsmenn skólans

### *Starfsandi*

Fylgst verður vel með hvernig samskipti þróast og brugðist við eftir þörfum. Vinnuandateymi mun starfa áfram við skólann.

### *Trú á eigin getu*

Haldin verða fjölbreytt námskeið tengd fjölmennningarlegum kennsluaðferðum fyrir starfsmenn í skólabyrjun og eins munu flestir starfsmenn fara á uppbyggingarnámskeið í nóvember. Áfram verða starfræktir leshópar um fagleg málefni. Kennarar munu skilgreina viðmið fyrir góðar kennslustundir og samskipti við nemendur. Þau viðmið ættu að auðvelda þeim að leggja mat á eigin störf.